

Morgunblaðið hjá Landsbókasafni

Sunnudaginn 21. nóvember, 2004 - Myndlist

MYNDLIST - Listasafn Árnesinga, Hveragerði

## Innikúltúr og eldhúsnaumhyggja

Blönduð tækni, Tumi Magnússon

Til 12.12. Safnið er opið þr.d. fim. og laud. frá 13.30-17.00.



*"Þetta er sterk og heilsteypt sýning hjá Tuma sem fer létt með að fylla nokkuð stóra sali safnsins lífi."*

Í GREINARGÓÐUM og upplýsandi texta um Tuma Magnússon bendir Leonhard Emmerling á eitt af því sem er aðall Tuma sem listamanns; hann hefur svo fínan húmor. Allt frá því að Tumi málaði hversdagshluti eins og eyrnapinna eða eldhúsborð til eldhúsnaumhyggjunnar sem kemur fram í málverkum unnum annaðhvort með hinum ýmsustu efnum eins og tei eða byggja t.d. á litaskala kóks hefur sérstakur húmor verið undirliggjandi í verkum hans. Það er eitthvað alveg einstakt við það hvernig Tuma hefur í gegnum árin tekist að vera sínu trúr en þó í sífelldri endurnýjun og hann hefur fyrir löngu markað sér sérstöðu innan íslenskrar listasögu. Ennfremur einkennast verk hans jafnan af einlægri virðingu og áhuga á listinni og möguleikum hennar, á málverkinu, eðli þess, sögu og hlutverki.

### Blómasýningar í Hveragerði

Sýning Tuma er á næsta bæ við Eden, einum helsta sýningarstað íslenskra áhugamálara. Hveragerði er síðan auðvitað einn helsti gróðurhúsabær og blómaræktunarbær landsins eins og allir vita, hér er mikil inniræktun í gangi. Sýning Tuma er unnin í samhengi við umhverfi sitt á skemmtilegan hátt en vísar um leið langt út fyrir það. Það eru þrjú aðalmótíf á sýningunni; vatn, blóm og fiskar. Vatnið birtist okkur á myndböndum sem drjúpani í

mismunandi litan lög, maður er þó ekki alltaf alveg viss hvort vatnið drýpur eða hvort það bullar í leginum eins og í leirhver. Dropasinfónían er kostuleg en um leið er innsetningin vandlega hugsuð í lit, hljóði og takti. Ég hef ekki séð Tuma vinna með blóm áður og skrifa mótífið því á samhengi sýningarinnar. Risastór tölvuprent af útsprungnum blómknúppum þekja rennihurðirnar sem eru eitt af einkennum sýningarsala listasafnsins. Það er síðan áhorfandans að velja hvort salurinn er yfirþyrmandi fullur af blómum eða hvort þau sjást ekki, einungis með því að opna eða loka dyrunum. Þetta verður einnig til þess að sýningin er lifandi og síbreytileg, nýir áhorfendur ganga inn í það sem þeir á undan komu skildu eftir. Tumi er einlægur í gerð blómamyndanna, enda eru blóm sigilt mótíf listamanna og hafa verið gegnum aldirnar. Þriðja mótíf Tuma eru fiskar. Eftir nafni myndraðarinnar að dæma er hér um sjófiska að ræða en ég tengdi þá frekar við gullfiska, við innikúltúr ræktaðra blóma og dropa sem leka úr krana í einhverri dularfullri rannsóknarstofu. Fiskamyndirnar verða þó til þess að hin verkin á sýningunni birtast í nýju ljósi. Tumi hefur afskræmt fiskana og gert þá ferhyrnda, svo þeir passi í ramma málverksins. Hann leyfir samt útlínunum ugganna að halda sér. Hér birtist neikvæð hlið ræktunar og meðferð mannsins á náttúrunni skyndilega og um leið verða blómin á myndunum of stór og of litrík, drjúpanði vatnið verður að menguðu ógeði, hér er náttúran tamin og þvinguð í mót sem henni er ekki ætlað. Eftir sem áður eru blómin heillandi falleg, vatnið drýpur í léttum takti, mynstur og litir fiskanna hrífandi. Áhorfandinn veit því varla í hvorn fótinn hann á að stíga.

Ekki ósvipaður leikur á sér stað í málverkum Tuma frammi á ganginum sem máluð eru í naumhyggjustíl. Það er titillinn sem gefur óvænta vinnuaðferð og hugsun listamannsins til kynna, liturinn sem Tumi leggur mikla vinnu í að ná nákvæmlega réttum er liturinn á kóki - djúpu eða grunnu. Að nota lýsingarorðin djúpt eða grunnt opnar líka verkin, varla er sagt um vökva í glasi að hann sé djúpur eða grunnur, en hins vegar um vatn í t.d. tjörn. Þetta tengir málverkin um leið myndböndunum sem sýna einhverjar ókennilegar vökvategundir, manngerðar en um leið með vísunum til náttúrunnar.

### **Hin manngerða náttúra**

Það má segja að hin manngerða náttúra sé viðfangsefni þessarar sýningar Tuma en um leið er hann að fást við sigildar listrænar spurningar í vinnu sinni, eins og mögulegar birtingarmyndir málverks í fiskaverkunum og hann sýnir sína útgáfu af klassískum viðfangsefnum listasögunnar í blómamyndunum. Tumi er jafnvígur á ýmsa miðla, þannig er hann orðinn öruggur með myndbandið og hikar ekki við að nota tölvuvinnslu í myndum sínum. Á sama tíma er hann fyrst og fremst málari og í öllum verkum á þessari sýningu er hann í raun að mála. Þetta er sterk og heilsteypt sýning hjá Tuma sem fer létt með að fylla nokkuð stóra sali safnsins lífi. Óhætt er að segja að Listasafn Árnesinga er mjög góð viðbót við sýningarmöguleika íslenskra listamanna og stutt að skreppa yfir heiðina.

*Ragna Sigurðardóttir*